

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2015****2016/EES/29/05****frá 20. mars 2015****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1070/2014 frá 10. október 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 271/2009 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), sem fôðurukefni fyrir varphænur (leyfishafi er BASF SE) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1076/2014 frá 13. október 2014 um leyfi fyrir blöndu sem inniheldur reykbrogðefnakjarna-2b0001 sem fôðurukefni fyrir hunda og ketti ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1083/2014 frá 15. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 (Bonvital) sem fôðurukefni fyrir gyltur ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1108/2014 frá 20. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM-BP 2789) sem fôðurukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1109/2014 frá 20. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fôðurukefni fyrir eldisnautgripi, aukategundir eldisjörturdýra, mjólkurkúr og aukategundir jörturdýra sem framleiða mjólk og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1288/2004 og (EB) nr. 1811/2005 (leyfishafi er Alltech France) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1115/2014 frá 21. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643), sem fôðurukefni fyrir svín ⁽⁶⁾.
- 7) Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1083/2014 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1521/2007 ⁽⁷⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 295, 11.10.2014, bls. 49.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 296, 14.10.2014, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 298, 16.10.2014, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 301, 21.10.2014, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 301, 21.10.2014, bls. 19.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 302, 22.10.2014, bls. 51.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 24.

9) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zt (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004) og í lið 1zzr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005):

„– **32014 R 1109**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1109/2014 frá 20. október 2014 (Stjtið. ESB L 301, 21.10.2014, bls. 19).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzw (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2009):

„eins og henni var breytt með:

– **32014 R 1070**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1070/2014 frá 10. október 2014 (Stjtið. ESB L 295, 11.10.2014, bls. 49).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 113. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 684/2014):

„114. **32014 R 1076**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1076/2014 frá 13. október 2014 um leyfi fyrir blöndu sem inniheldur reykbragðefnakjarna-2b0001 sem fôðuruakefni fyrir hunda og ketti (Stjtið. ESB L 296, 14.10.2014, bls. 19).

115. **32014 R 1083**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1083/2014 frá 15. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 (Bonvital) sem fôðuruakefni fyrir gyltur (Stjtið. ESB L 298, 16.10.2014, bls. 5).

116. **32014 R 1108**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1108/2014 frá 20. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM-BP 2789) sem fôðuruakefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldri til undaneldis (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) (Stjtið. ESB L 301, 21.10.2014, bls. 16).

117. **32014 R 1109**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1109/2014 frá 20. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fôðuruakefni fyrir eldisnautgripi, aukategundir eldisjörturdýra, mjólkurkúr og aukategundir jörturdýra sem framleiða mjólk og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1288/2004 og (EB) nr. 1811/2005 (leyfishafi er Alltech France) (Stjtið. ESB L 301, 21.10.2014, bls. 19).

118. **32014 R 1115**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1115/2014 frá 21. október 2014 um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 26643), sem fôðuruakefni fyrir svín (Stjtið. ESB L 302, 22.10.2014, bls. 51).“

4. Texti liðar 1zzzzi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1521/2007) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 1070/2014, (ESB) nr. 1076/2014, (ESB) nr. 1083/2014, (ESB) nr. 1108/2014, (ESB) nr. 1109/2014 og (ESB) nr. 1115/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.